



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

LYFJ2LS05
Lyfjafræði
Kennsluáætlun -Vorönn 2021

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni:

Lyfjafræði 103 eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur.

Sérlyfjaskráin á netinu.

Lýsing

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðsjúkdómum, geðsjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum og sykursýki. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfjanna, aukaverkanir, milliverkanir o.fl.

Forkröfur

LÍOL2IL05 og SJÚK2GH05 æskilegir undanfarar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómalyfja, geðlyfja, verkjalyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja og sykursýkislyfja
- helstu flokkum og áhrifum sýklalyfja, meltingarfæralyfja og lyfja við Alzheimer sjúkdómi
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttnikúrfum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra.

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að vera með skólasókn samkvæmt skólareglum. Taka þrjár kannanir og vera virkur í tímum til að ná þessum áfanga. Þarf að ná öllum þrem könnunum, til að ná áfanganum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Hlutapróf	3 hlutapróf á önninni	60%
Verkefni/virkni	Mæting og virkni í tímum	20%
Spurningavinna og verkefnavinna		20%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

.

Vikur/dags.	Hugtök og efnisþættir	Lesefni
7-15.01	Kynning á námsefni. Lyfjanöfn, Lyfjaskrá, skilgreiningar o.s.fr.	1. kafli
2. vika 18.-22.1	Lyfjagjöf og lyfjaform.	2. kafli
3. vika 25.-29.1	Lyfjahvörf, frásogsstaðir, skömmun lyfja. Kaflapróf úr köflum 1,2 og 3	3. kafli
4. vika 01-05.02	Maga- og þarmalyf	4. kafli
5. vika 08-12. 02	Maga- og þarmalyf	4. kafli
	Verknám	
6.vika 12.02		
7. vika	Verknám	
8. vika 05.03	Verknám	
9. vika 08.3.-12.3	Verkjalýf	5.kafli
10. vika 15.3.-19.3	Tauga- og Geðlyf Kaflapróf úr köflum 4,5 og 6	6. kafli
11 vika 22.3-26.3	Húðlyf	7. kafli

12. vika 29.3-06.4	Páskafrí	
13.vika 07.4-16.4	Öndunarfæralyf	8. kafli
14. vika 19.4-23.4	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	9. kafli
15.vika 26,4-30.4	Sykursýkislyf	10. kafli
16. vika 03.05-07.05	Upprifjun Könnun úr köflum 7,8, 9 og 10	

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.